

**Fundargerð samstarfsnefndar
Rafiðnaðarsambands Íslands (RSÍ)
og
Sambands íslenskra sveitarfélaga**

Fjarfundur samstarfsnefndar var haldinn þriðjudaginn 10. maí 2022.

Mætt voru:

Fyrir hönd Rafiðnaðarsambands Íslands: Benóný Harðarson og Elsa María Rögnvaldsdóttir.

Fyrir hönd Sambands íslenskra sveitarfélaga: Inga Rún Ólafsdóttir, Margrét Sigurðardóttir og Berglind Eva Ólafsdóttir sem ritaði fundargerð.

Eftirfarandi var tekið fyrir

1. Taling veikindadaga í hlutaveikindum

Ágreiningur er á milli aðila um túlkun á talningu veikindadaga þegar vinnuveitandi hefur heimilað starfsmanni að vera í hlutaveikindum á móti skertu starfshlutfalli, í þessu tilviki í 60% starfi og 40% veikindum.

„Samkvæmt túlkun Rafiðnaðarsambandsins ber að telja veikindadaga/vinnudaga eins og um tvo starfsmenn sé að ræða þegar starfsmaður er í hlutaveikindum. Það þýðir að t.d. starfsmaður sem er í 60% starfi en 40% veikindum gengur á veikindaréttinn sinn þá tvo daga í viku sem hann er veikur en ávinnur sér veikindarétt þá þrjá daga í viku sem hann er við störf. Það er því ekki þannig að með því að vera í hlutaveikindum beri að telja alla fimm daga vikunnar sem veikindadaga og draga þá af veikindarétti viðkomandi.“

Túlkun fulltrúa sambandsins er samkvæmt útgefnum leiðbeiningum um talningu veikindadaga í hlutaveikindum frá nóvember 2011. Skipta skal starfinu upp í þann hluta sem viðkomandi er í starfi og þann hluta sem hann er veikur og telja veikindafjarvist í hvorum hluta fyrir sig. Hins vegar skiptir ekki máli hvort skerðing á starfshlutfalli er framkvæmd þannig að starfsmaður vinnur hluta úr starfi á hverjum degi eða færri daga í viku, talning veikindadaga miðast við það starfshlutfall sem upp á vantar að fullu ráðningarhlutfalli sé skilað, í þessu tilviki 40%. Alltaf skal telja alla daga en ekki bara vinnuskyldudaga þar sem veikindaréttur er tilgreindur í almanaksdögum sbr. gr. 12.2.1 í kjarasamningi aðila. Því eru allir dagar vikunnar taldir í 40% veikindum. Að öðrum kosti er hægt að líta svo á að starfsmaður sé með meiri rétt í hlutaveikindum en í 100% veikindum. Ný ávinnsla til veikindadaga er samkvæmt 60% starfi sem starfsmaður sinnir á móti hlutaveikindum.

Niðurstaða:

Aðilar komust ekki að samkomulagi.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.